

192. fundur

stjórnar LSS haldinn fimmtudaginn 08.10 2009 kl. 18:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir; SBB, BV, BI, MH, GM, VLF.

Boðuð forföll: SvB, SB, BKr.Þ, IGG, FH.

1. Fundargerð síðasta fundar. sp

2. Inntaka nýrra félagar

Einar Ægir hlutastarfandi Sp

3. Kjaramál

Fundur með Ríkissáttasemjara og LN í gær. LN vill bíða með viðræður fram yfir næstu mánaðarmót (1. nóv.).

Keflavíkurflugvöllur ohf, fundur í síðustu viku. Ragnar hjá Samtökum Atvinnulífsins fer yfir samninginn og gerir tillögur að breytingum yfir í form samninga eins og SA er vant og sendir okkur tillögur. Rædd hugmynd að breyttum starfslokaaldri.

Rætt um verkefni sem hafði verið vísað til samstarfsnefndar. LN vill ekki ræða þau atriði fyrr en nýr kjarasamningur hafi verið gerður.

Rætt um uppsagnir á Akureyri. Farið yfir bréf frá IRÓ.

4. Sameining KEF-Flugstoðir.

Fundur 6. okt. Um skýrslu vegna mögulegrar sameiningar. Samgönguráðherra sagðist vilja sameina Flugstoðir og Keflavíkurflugvöll ohf, fyrir áramót. Nefnd sem vann skýrslu um mögulega sameinigu skilaði af sér og fór yfir. Formaður stjórnar Kef ohf sagði aðspurður að það “ætti ekki að slá af öryggisþætti” og JK sagði aðspurður að “það mun enginn skrifa undir minna öryggi”.

5. Uppsagnir í slökkviliðum

Búið að segja upp öllum slökkviliðsmönnum í Þorlákshöfn (Ölfuss). Framkvstjóri fór á fund 28. sept. sem bæjarstjóri boðaði og afhenti þar uppsagnarbréfin. Gert til að fella niður 5. tímamann sem hefur verið greiddur þar í útköllum og æfingum. Janframt stendur til sameining við BÁ um næstu áramót. Öllum var boðið var upp á að skrifa undir nýjan ráðningarsamning innan mánaðar.

Búið að segja upp þrem yfirmönnum á hjá Slökkviliði Akureyrar og bjóða þeim aðrar stöður. SA ætlar ekki að hafa aðstoðar-slökkviliðsstjóra. LSS telur að það sé ekki hægt. Farið yfir gögn í málinu. Þar á meðal samþykkt í samstarfsnefnd vegna greiðslufyrirkomulags við sjúkraflug.

Slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra hjá Brunavörnum A-húnavatnssýslu hefur verið sagt upp vegna skipulagsbreytinga. Þeir eiga í launadeilum.

6. Sjúkraflutningar

Rætt um mögulegan niðurskurð í sjúkraflutningum. Gæti leitt til uppsagna 60 manns hjá SHS. Rætt um mögulegar sameiningar slökkviliða og sjúkraflutninga á landinu.

7. Umhverfisráðherra

Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund með nýjum Umhverfismálafulltrúa. M.a. rætt um samlegðaráhrif við rekstur slökkviliða og sjúkraflutninga. Ráðherra vill setja saman starfshóp allra aðila til að skoða þessi mál. Skipa menn í skólaráð. Rætt um starf ráðsins.

8. Erlent samstarf.

Formaðurinn fór til Brussel á fund hjá EPSU. Skýrsla frá Finnlandi um að meiri líkur á að eldri menn látist í starfi. Rætt um kollega í Danm. Einkavæðing sjúkrabifreiða í Danmörku hefur reynst illa. Viðbragðstíminn hefur margfaldast. Fyrirlestur um ESB og ábyrgð varðandi tækjakost. 100 ára afmæli systurfélags í Írlandi verður 28.okt.

9. Þing BSRB

Verður 21. – 23. október. LSS á 4 fulltrúa. Kosið verður um formann eftir 21 árs setu Ögmundar Jónassonar.

10. Önnur mál:

a)**orlofsheimilasjóður.** Fundað með orlofsnefndinni. Nefndin mun fara í vinnuferð á Akureyri 19. október til að fara yfir og klára ýmislegt að innan. Unnið er að samningum við seljendur um frágang að utan. Fundur í ROM 15. okt, þar rætt um ýmis mál. Rætt um að fara í reglulegar vinnuferðir í orlofshúsin að vori. Endurskoða reglur og steypa sjóðunum (atvm og hlutast) saman.

b) Kristján Pétursson fyrrverandi slökkviliðsmaður hjá BÁ óskar lausnar frá öllum trúnaðarstörfum.

c)Reykjavíkflugvöllur. Flugstoðir hafa sagt upp samningi við SHS um slökkviliðsstörf. Sasmningurinn rennur út 1.03. 2010.

Fundi slitið 20:30